

Reykjavík, 28. janúar 2021

Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð fagnar nýrri stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030. Stefnan er metnaðarfull og að mörgu leyti vel unnin.

Meðal helstu styrkleika verkefnisins er áhersla stefnunnar á að valdefla nemendur og auka tækifæri allra barna til tónlistarupplifunar. Í skýrslu stýrihópsins er vísað til 31. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um rétt barna til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi og ábyrgðar aðildarríka sáttmálans við að tryggja jöfn tækifæri barna til að stunda menningu, listir og tómsundaiðju. Lögð er áhersla á að auka jöfnuð hvað varðar tónlistarnám milli hverfa borgarinnar þar sem mikill munur hefur verið á þátttöku barna í tónlistarnámi milli hverfa. Þá er lagt til að Reykjavíkurborg semji við tónlistarskóla sem hafa burði til að uppfylla kröfur um faglegt starf, hagkvæman rekstur og fjölbreytt námsframboð þar sem stjórnunarkostnaður er innan hóflegra marka. Tónlistarskólar geti í krafti stærðar sinnar haldið námsgjöldum nemenda í lágmarki.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð vill þó vekja athygli nokkrum atriðum sem mætti skoða betur með tilliti til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Tenging við mannréttindastefnu

Í inngangi að skýrslu stýrihópsins þar sem fjallað er um sýn hópsins kemur fram að stefnan hvíli á þeim grunni sem Menntastefna borgarinnar skapar auk stefnu borgarinnar vegna mannréttinda, menningar- og frístundapjónustu auk almennra samþykta og sáttmála sem borgin starfar samkvæmt. Markmið stefnunnar um að tryggja sem flestum börnum aðgang að tónlistarnámi í borginni kemur skýrt fram. Þó vantar tengingu við þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar nær til, s.s. við fatlað fólk, innflytjendur og hinsegin fólk. Það skortir einnig skýrari tengingu við jafnrétti kynja.

Á bls. 6 í skýrslunni kemur fram að samhugur sé um það í stýrihópnum og hjá öllum sem komið hafa til fundar við hópinn að efla eigi tónlistarnám og að tryggja beri sem flestum börnum aðgang að því. Hér væri eðlilegt að bæta við „án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarhátta, trúarbragða, lífs-, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáníngar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu.“

Þá telur mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð þarft að leggja áherslu á jafna möguleika barna til að stunda nám í skólahljómsveitunum án tillits til framangreindra þátta. Á bls. 3 í skýrslu stýrihópsins undir kaflanum forgangsáherslur kemur fram að unnið verði markvisst að því að bæta aðstöðu skólahljómsveita, bæði í kennslurýmum í grunnskólum og æfingarymum hljómsveita. Skólahljómsveitir eru tilvalinn vettvangur til að jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms, sérstaklega með tilliti til efnahags þar sem halda má námsgjöldum í lágmarki. Því er vert að kynna skólahljómsveitir vel og auka markvisst möguleika barna á þátttöku í tónlistarnámi tengdu skólasterfinu.

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð hvetur því til þess að ávarpað verði með skýrum hætti í stefnu eða aðgerðaráætlun vilji til þess að fjölga nemendum í skólahljómsveitum með þeim leiðum sem stendur til boða. Ráðið mælist til þess að skerpt verði á mikilvægi þess að jafna aðgengi barna að tónlistarnámi óháð efnahag og búsetu.

Jafnrétti kynja

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð telur mikilvægt að jafnrétti kynja sé ávallt haft í forgrunni við stefnumótun innan borgarinnar og því væri jákvætt að sjá vísað til þess í stefnunni að tónlistarnám standi öllum kynjum til boða.

Í stefnunni er ekki fjallað um hinsegin fólk og hvernig gera þarf ráð fyrir þeim hópi. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar fjallar m.a. um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna. Eðlilegt væri að bæta við stefnuna að tónlistarnám skuli vera aðgengilegt óháð þessum þáttum.

Á bls. 18 í skýrslu stýrihópsins kemur fram að það kerfi sem notað verður vegna skráningar í tónlistarskóla og skólahljómsveitir skuli vera í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja m.a. nútímaviðmiðum um kyn og kynvitund. Það er gott að sjá stýrihópin vekja athygli á skráningu með tilliti til kyns, en frá og með árinu 2021 verður hægt að óska eftir hlutlausri skráningu kyns í þjóðskrá. Skráning í tónlistarnám þarf vissulega að endurspeglar þessa þróun.

Fatlað fólk

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar er greint frá því í 4. kafla að fötluðu fólki skuli vera tryggðar aðstæður til að taka þátt í borgarsamfélaginu. Koma þarf fram í tónlistarstefnunni hvernig jafna eigi aðstöðumun gagnvart fötluðu fólki en ekki er fjallað sérstaklega um aðgengi fatlaðs fólks að tónlistarnámi. Til að ná markmiðum um að jafna aðstöðu fatlaðs fólks til tónlistarnáms er til dæmis mikilvægt að tryggja gott aðgengi, þ.m.t. að ferðum fatlaðs fólks að tónlistarskólum. Full þörf er á að nefna þessi atriði sérstaklega í stefnunni.

Innflytjendur

Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar grein 9.3.1 segir „Allt uppeldis-, fræðslu-, tómstunda- og menningarstarf á vegum borgarinnar tekur mið af þörfum barna af erlendum uppruna og veitir þeim sérstakan stuðning og íslenskukennslu til þess að þau njóti sömu tækifæra og önnur börn. Þess skal jafnframt gætt að íslensk börn fái fræðslu um aðra menningarheima til að styðja við gagnkvæma aðlögun“. Í nýrri stefnu um tónlistarnám er mikilvægt að vísað sé til aðgengis að tónlistarámi óháð uppruna.

Stefnan leggur m.a. áherslu á að foreldrar fái stuðning við tónlistaruppeldi barna sinna. Á bls. 14 í skýrslu stýrihópsins kemur fram að skref hafi verið stigin til að sporna gegn ójöfnuði, en að ójöfnuður geti meðal annars birst í mismunandi aðgengi foreldra barna að upplýsingum um þau tilboð sem börnum þeirra bjóðast. Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð leggur áherslu á mikilvægi þess að taka sérstaklega vel á móti innflytjendum og veita öllum fræðslu sem er aðgengileg og auðskilin, en einnig á tungumálum þeirra hópa sem fjölmennastir eru í Reykjavík.